

Formannafundur Aftureldingar 10. september 2012

Mættir: Guðrún Kristín Einarsdóttir, blakdeild, Ólafur Óskarsson, frjálsar, Stefán Alfreð Stefánsson, badminton, Richard taekwondo, Andrea Jónsdóttir, karate, Auður Björk Þórðardóttir, fimleikar, Pétur Magnússon, knattspyrna, Snorri Gissurarson, knattspyrna BUR, Haukur Ómarsson, sund, Bjarni Tómasson, karfa, Helga Jóhannesdóttir, aðalstjórn, Guðjón Helgason, aðalstjórn, Jóhann Már Helgason, framkvæmdastjóri, Kristín Reynisdóttir, aðalstjórn.

Forföll boðuðu: Anna Sigríður Guðnadóttir, aðalstjórn, Hekla Klemenzdóttir, aðalstjórn, Ásmundur Pálsson, aðalstjórn.

Dagskrá fundarins:

1. Kynning á nýjum íþróttastjóra Aftureldingar
 2. Innheimta á æfingagjöldum – fundur fyrir gjaldkera á Nora kerfið
 3. Æfingatafla
 4. Fá fulltrúa formanna í siðanefnd
 5. Fá fulltrúa formanna í samninganefnd
 6. Önnur mál
-
1. Kynning á nýjum íþróttastjóra Aftureldingar: Halldór Steingrímsson, menntaður íþróttafraeðingur, kynntur sem nýr íþróttastjóri Aftureldingar. Fjarverandi vegna veikinda. GKE: spyr um starfslýsingu. JMH: Hún er til. Netfang kynnt.
 2. Innheimta á æfingagjöldum: Nú verður NORA kerfið sett í fullan gang. Stefnt að fundi með gjaldkerum á fimmtudag kl. 17:15 í tölvustofu í Varmárskóla. Umræður um tengingu frístundaávísunar og NORA. Skrifstofan gengur frá aðgangi að kerfinu. Skoða þarf sérstaklega frístundaávisanir frá Reykjavík, hvenær þær eru greiddar og hvort þær komast til deildar. Ábending kom fram um að senda kvittun á formann/gjaldkera við millifærslur.
 3. Æfingatafla: Nú er farið að sjást fyrir endann á töflugerð, með auknum tímafjölda í Lágafelli og æfingatímar verða til 23:00 að Varmá. Erfitt að halda úti æfingum fyrir yngstu börnin vegna húsnæðisskorts. Heildaræfingatafla verður sett á heimasíðu og í Mosfelling. Umræður um kynningu íþróttastarfs í skólum. Samþykkt að senda inn greinargerð til fræðslunefndar.
 4. Fá fulltrúa formanna í siðanefnd: Tillögum skal komið til framkvæmdastjóra.
 5. Fá fulltrúa formanna í samninganefnd: HJ kynnir. Aðalstjórn vill fá formenn deilda í samninganefnd. Búið að útbúa skjal til útfyllingar um upplýsingar um deildir. Höfum september og október til að undirbúa samningaviðræður. Skoða framtíðaraðstöðu deilda, vallarstjóra alla knattspyrnuvelli, forgangsraða verkefnum og fleira. Þarf að funda á reglulega næsta mánuðinn. PM: Gert síðast fyrir 5-6 árum, þá þrefaldaðist styrkurinn. Mikið afl í Aftureldingu ef við nýtum okkur það. SG: Þurfum að fá kostun bæjarins á starfsmönnum Aftureldingar, hærri rekstrarstyrki, aukna afreksstyrki fyrir allar deildir, húsnæðismál, lausa íþróttasali, lyftingaaðstöðu og varanlega félagsaðstöðu, hækka frístundaávísun. Stefnt að fundi í næstu viku.

6. Íþróttafjör: Vísað til næsta fundar. Mannekla, vinnutíminn frá 14:00 -15:30 ekki auðveldur til að fá mannskap. Hlynur veikur eins og er. Auglýst verður í Fréttablaðinu eftir starfsfólki í íþróttafjörið. Búið að greiða úr fjármálum í kringum íþróttafjörið.
7. Önnur mál:
 - a. HJ: Landsmót kom vel út. Hagnaður af sjoppu og móti. Eftir að ráðstafa skiptingu til Aftureldingar. Liggur fyrir í næsta mánuði.
 - b. HJ: Errea mál. Jóhann sendir skjal um hvað deildir eiga inni. . Ljúka þessu fyrir 20. sept PM: Áhyggjuefni með slaka þjónustu Errea.
 - c. HJ: Formaður í samvinnu við Valdimar Gunnarsson, framkvæmdastjóra, UMSK, er búinn að útvega húsgögn í nýja skrifstofuaðstöðu og gáminn. Stefnum að vígsluathöfn sem fyrst, líklega fimmtudaginn 20. sept frá 17-19.
 - d. GKE: Styrkir til meistaraflokka. GF: 6 milljónir í ár. Blakdeild spilar þá í 2 ár án styrkja. Umræður: útvíkka þarf þetta styrktarfyrirkomulag. Komnir þrír nýjir meistaraflokkar á þessu hausti.
 - e. Rútuferðir milli Varmár og Lágafellsskóla í íþróttatímana eftir skóla. Tímasetning. Vísað til Halldórs íþróttastjóra og Sigurðar forstöðumanns.
 - f. Vantar hljómflutningsgræjur í sal 3. Vantar fyrir heimaleiki í blaki. Jóhann og Sigurður ganga í málið. Enginn kælibúnaður vegna meiðsla til í afgreiðslu. JH gengur í það. Harpixblettir í sal 3, þarf að skafa þetta burt.
 - g. Heimasíðan. Halldór íþróttastjóri umsjónarmaður. Vantar fréttahnappinn inn fyrir blakdeild. Verið að vinna í þjónustusamning við heimasíðuna og Internetkompaníið.
 - h. Blakdeild búin að semja við Sigurplast og þau komin með fjáröflun um sölu Aftureldingarvatnsbrúsa.
 - i. Uppskeruhátíð Aftureldingar verður haldin laugardaginn 6. október. Tillaga að uppskeruhátíðarnefnd verði skipuð einum úr hverri deild. Sendur verður út tölvupóstur til formanna að skipa einn úr hverri deild í nefndina.

Fundi slitið 19.45

Fundinn ritaði Kristín Reynisdóttir.